


✉ Re: 202205025 - Ósk um umsögn, framkvæmdaleyfi, skógrækt

Búið til	27.6.2022 14:20:13
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.6.2022 14:20:12
Tilheyrir	 202206-0013 - Framkvæmdarleyfi vegna skógræktar í landi Hvannár 1 á Jökuldal - umsögn

Efni

Re: 202205025 - Ósk um umsögn, framkvæmdaleyfi, skógrækt

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.6.2022 14:20:12	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202206-0013 (SS).

Vísað er í tölvupóst, dags. 8. júní 2022, frá umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirhugað skógræktarsvæði í landi Hvannár 1 á Jökuldal.

Skógræktarsvæðið er að litlum hluta innan svæðis á gildandi náttúruminjaskrá, Gilja- og Hauksstaðahólar, en um er að ræða jökulvatnasethóla frá ísöld og mynda þeir nokkrar þyrpingar í dalnum. Skógræktarsvæðið skarast við vesturhluta hólana en þó má geta þess að setmyndanirnar halda áfram vestur eftir Jökuldal neðan hringvegarins, þó þær séu minni að sniðum og séu sums staðar raskaðar. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að fara varlega við skógrækt innan um merkar jarðminjar þar sem skógræktin getur breytt ásynd til muna. Leggja ætti mat á ásyndaráhrifin við skipulagningu skógræktar á svæðinu. Einkum á þetta við svæðið sunnan hringvegarins en norðan hringvegarins innan marka náttúruminjaskrár eru jarðminjarnar minna sýnilegar og einkum ræktuð tún á svæðinu.

Ekki kemur fram hvers konar skógrækt er áformuð á svæðinu. Á áætluðu skógræktarsvæði er nú töluvert um náttúrulegt birki kjarr sérstaklega á svæðinu rétt vestan við ána Deild. Náttúrulegir birki skógar hafa hátt verndargildi og Náttúrufræðistofnun telur að ekki ætti að rækta aðrar trjátegundir á svæðinu, frekar að vernda birki kjarrinn sem fyrir er og hlúa að frekari útbreiðslu þess til vesturs. Vestan við birki kjarrinn tekur við mólendi, melar og ræktuð tún sem gæti hentað betur fyrir skógrækt og ekki er þar um gróðurfar með sérstaklega hátt verndargildi að ræða.

Við alla skógrækt þar sem opnu landi er breytt í skógi vaxið og sérstaklega þar sem stefnt er að nota framandi trjátegundir eins og furu- og grenitegundir eða alaskaösp, ber að taka tillit til mögulegra áhrifa á náttúruferli sem fyrir er – bæði landslag og gróðurfar en ekki síst fuglalíf. Nýlegar rannsóknir sýna að fuglar sem velja sér opin búsvæði forðast að verpa eða dvelja nálægt hávöxnum trjágróðri. Benda má á nýlega frétt um málið hér, þar sem vísað er í frekari heimildir:

https://www.hi.is/frettir/skograekt_hefur_neikvaed_ahrif_a_stofna_mofugla

(https://www.hi.is/frettir/skograekt_hefur_neikvaed_ahrif_a_stofna_mofugla). Ekki er víst að áætlað skógræktarsvæði í landi Hvannár 1 sé sérstaklega mikilvægt varpsvæði fyrir mófuglategundir en það er þó ekki ólíklegt að t.d. spói sæki í varp á áreyrum Jökulár og að heiðlóa verpi í mólendi innan um jökulsetmyndanirnar. Almenn ætti alltaf að gera athugun á fuglalífi áður en veittar eru heimildir fyrir umfangsmikla skógrækt.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>

To: "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>

CC: "Björgvin Stefán Pétursson" <bjorgvin@yggcarbon.com>

Subject: 202205025 - Ósk um umsógn, framkvæmdaleyfi, skógrækt

Date: 8.6.2022 15:34:12

Góðan daginn,

óskað er eftir umögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfis vegna skógræktar á 82,4 ha svæði í landi Hvannár 1 á Jökuldal.

Hluti fyrirhugaðs svæðis er á náttúruminjaskrá: Gilja- og Hauksstakahólar á Jökuldal. Jafnframt er fyrirhugað ræktunarsvæði á bökkum Jöklu.

Í viðhengi er kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði ásamt fornleifaskráningu sem unnin var í tengslum við verkefnið.

Umsögnum skal skilað á skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) eins fljótt og auðið er en í síðasta lagi þann **29. júní nk.**

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is
(http://www.mulathing.is/)

Skilmálar varðandi tölvupósti
(https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=04%7C01%7Csoley.valdimarsdottir%40mulathing.is%7C8f5372b93ec54915442108d9d73e199c%7C556ee80a0b7a4238a9e85101272737b2%7C1%7C0%7C637777484033605395%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikl1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=vqxDbfZRcDt3U1QYokvqOimsvPQnwLEB%2FEfd5h1k71k%3D&reserved=0)

Viðhengi

image001.png (5 KB)